

Greindin sem glutraðist niður Vísinda- og menningarkreppan. IV: Greind og kvenfrelsunarofstæki

Í ljósi ofangreinds munar á atgervi og greind fólks af mismunandi uppruna og kyni, kemur varla á óvart, að jákvæð fylgni mælist milli almennrar greindar og árangurs í skóla og í starfi, viðbragðstíma, stærðar heila, getuviðbragða í heila (brain evoked potentials), sýrustigs í heila (pH level), efnaskipta í heila og hraða taugaboða (conduction velocity).

Gamall kennari minn, erfðasálfræðingurinn, Helmuth Nyborg (f. 1937), er meðal þeirra, sem í áratugi hefur rannsakað lífeðli og erfðir úr sálfræðilegu sjónarhorni (genetic psychology). Hann hefur látið mörg vísindaleg verk frá sér fara, m.a. „Kynvaka, kyn og samfélag. Lífeðlisatferðisfræði (Hormones, Sex, and Society. The Science of Psychobiology).“ Hún er aðgengileg á vefnum (krækja neðan máls). Þýsk-enski sálfræðingurinn, Hans Eysenck ritar formála. Önnur bók Helmuth: „Taugasálfræði kyntengds munar á heila og sérstakra hæfileika“ (The Neuropsychology of Sex-Related Differences in Brain and Specific Abilities), er einnig aðgengileg á netinu.

Grein, sem Helmuth skrifaði árið 2005, ber titilinn; „Kynjatengdur munur á almennri greind g; stærð heila og félagsstaða (Sex-related differences in general intelligence G, brain size, and social status),“ og birtist í vísindaritinu, „Manngerð og einstaklingsmunur (Personality and Individual Differences). Tímaritið hefur um fjögurra áratuga langa vísindalega birtingarsögu.

„Almenn niðurstaða: „Þegar réttir aðferð er beitt kemur í ljós stigvaxandi forskot karla í efri þrepum g-greindar. Það tengist umfangi heila, og útskýrir, alla vega að hluta, algilda drottnun karla í samfélaginu.“

Rannsóknarniðurstöður Helmuth ollu miklu fjaðrafoki, sem lyktaði með, að hann rekinn úr starfi 2006. Brottvikningin var þó dregin tilbaka, þar sem vísindamaðurinn var um það bil að fara á eftirlaun. En engu að síður var hann sakaður um „ámælisverða fræðimennsku“ (grov videnskabelig uredelighed). Forstöðumaður sálfræðiskorarlát lét hafa eftir sér: „Helmuth Nyborg starfar hvorki samkvæmt gildismati skorarinnar, né fellur hann að þeirri mynd, sem við viljum sýna af skorinni.“

Sex árum síðar urðu svipaðar hræringar, þegar Helmuth birti í nefndu tímariti, greinina, „Hnignun vestrænnar menningar: Tvöfalt tilslökunarúrval í anda kenninga Darwins“ (The decay of western civilization: Double relaxed Darwinian selection), þar

sem hann komst að þeirri niðurstöðu, að tilflutningar fólks frá Miðausturlöndum gætu haft áhrif til lækkunar á greind landslýðs.

Skemmst er frá því að segja, að smávægilegar villur fundust í gögnum Helmuth, sem hann hafði forgöngu um að leiðréttu, en breyttu ekki niðurstöðum. Fyrir rétti árið 2016 var hann sýknaður af öllum ákærum og honum greiddar bætur.

Umræður, meðan á hremmingunum stóð og í kjölfar þeirra, eru athygliverðar fyrir margra hluta sakir. T.d. fullyrtu kvenfrelsarar, að greindar- eða hæfileikapróf væru hönnuð af körlum (sem í aðalatriðum er rétt) til að réttlæta með vísindalegum hætti kúgun kvenna. Í leiðara í dagblaðinu, „Stjórn málin“ (Politikken) var talað um hneyksli, árás á konur. Vísinda- og tjáningarfrelsi bar einnig á góma.

Eðlisfræðingurinn, Benny Lautrup, prófessor við Niels Bohr stofnun Kaupmannahafnarháskóla, skrifaði t.d. í Jótlands-Póstinn (Jyllands-Posten): „Hefði Nyborg komist að þeirri niðurstöðu, að greindarmunurinn væri konum í vil, hefði hann trúlega aldrei verið ákærður fyrir fúsk. Það er hið þverstæðukennda [í málinu]. Málið minnir á ofsóknir (processer) í Ráðstjórnarríkjunum, þar sem öllu valdakerfinu var beitt til að berja vísindamann einn á báti til hlýðni við stjórnmalarétttrúnað samtímans.“

Eins og flestir vita nú orðið ríða kvenfrelsunarfræðingar röftum í samfélögum, embættiskerfi og ríkisstjórnnum, með þá kenningu sína, að kyn sé – eins og önnur fyrirbæri – einungis hugarfóstur eða hugarfar, þ.e. hugsmíði. Því geti fólk valið sér kyn.

Helmuth hefur þrúfaldlega bent á þær ógöngur, sem kvenfrelsunarbaráttan við æðri menntastofnanir hefur stefnt vísindum í. Hann skrifaði til að mynda, ásamt Emil O.W. Kirkegaard, grein í Politikken þann 6. janúar 2021. Þeir segja m.a.:

„Konur og karlar hafa ævinlega valið mismunandi menntun og störf. Kynjafræðimennirnir segjast vilja breyta því. Frá lokum síðustu aldar hefur verið gauskað að þeim ógrynnum fjármuna (millioner) til að stuðla að jafnrétti meðal kynjanna. En í grundvallaratriðum er kynjamunurinn óbreyttur.

Það vekur gagnrýnar spurningar. Gerðu þér t.d. í hugarlund hið óhugsandi: Gæti hrikt í grunnstoðum kynjajafnréttishugmyndafræðinnar eins og hún leggur sig? Grundvallast hún á röngum forsendum? Gæti munur á kynjahlutverkum verið af hinu góða? Sé svo, hafa þá kynjafræðingarnir eytt takmörkuðu rannsóknafjármagni til einskis í áratugi? Hefur einhver, sé þannig í pottinn búið, dug í sér til að taka

óhjákvæmilegum afleiðingum og beita á nýjan leik vísindum við rannsóknum á muni kynjanna“? Höfundar segja enn fremur:

„Innleiða skal þvingunarkvóta meðal leiðtoga í atvinnulífinu og víðar. Framleiða skal fleiri skýrslur í anda kvenfrelsunar og kynna enn þá fleiri skjalarannsóknir [arkivforskning – þ.e. andstætt við vísindi, byggð á athugunum, raunvísindi]. Gagnrýnendur framsækinna áætla skulu tugtaðir af menntunarráðgjöfum, vinstri skakklappaherforingum í háskólunum – eða reknir.